

ENDURREISN ÓLAFSDALS

+ 140 ÁRA AFMÆLI FYRSTI BÆNDASKÓLI Á ÍSLANDI!



Sveitarfélagið Dalabyggð

c/o Kristján Sturluson, sveitarstjóri

Miðbraut 11, 370 Búðardal

4. desember 2020

Ólafsdalsfélagið var stofnað í júní 2007 og verður því 14 ára á næsta ári. Í því eru nú yfir 300 félagsmenn. Félagið hefur frá þeim tíma unnið að endurreisn Ólafsdals við Gilsfjörð sem er einn merkasti menningarminjastaður í Dölum og við Breiðafjörð. Félagið aflaði þannig um 64 milljóna króna á árunum 2008-2020 til að vinna að endurreisn Ólafsdals og til reksturs staðarins. Félagið hefur auk þess lagt fram sjálfboðavinna sem meta má á 28-32 milljónir.

Vinna og framlög félagsins skiluðu því að gengið var frá samningi við Minjavernd og fjármálaráðuneytið í ágúst 2015 um mikla uppbyggingu í Ólafsdal sem vænst er að ljúki á næstu 3-4 árum og að rekstur í fjórum húsum hefjist sumarið 2022. Er hún metin á 700-900 milljónir og mun verða mikil lyftistöng fyrir Dalabyggð og nágrennasveitarfélögin. Deiliskipulag Minjaverndar fyrir framkvæmdsvæðið og vandaðri fornleifaskráningu á deiliskipulagssvæðinu var lokið árið 2017. Komu þá m.a. í ljós fornar rústir innar í Ólafsdal. Stærsta byggingin, 140 m² landnámsskáli, er frá 9.-10. öld. Yfir 1000 ára saga Ólafsdals var þar með staðfest. Fengust styrkir til uppgrftar Fornleifastofnunar Íslands sumrin 2018, 2019 og 2020. Stefnt er að því fornleifarannsóknum þar verði fram haldið sumarið 2021. Árið 2018 endurreisti Minjavernd mjólkurhúsið í Ólafsdal (frá 1890), fjósið árið 2019 (frá 1898) og byggði nýtt áhaldahús. Haustið 2020 hófst vinna við endurreisn smiðjunnar. Þá hefur með borunum fundist heitt vatn í Ólafsdal sem mun verða uppbyggingunni mjög mikilvægt.

Ólafsdalsfélagið mun samkvæmt samningnum áfram gegna lykilhlutverki við að miðla sögu og menningu staðarins. Jafnframt mun félagið líklega sjá um rekstur og fræðslu í Ólafsdal sumarið 2021 eins og það hefur gert öll sumur frá 2008 til 2020, standa að Ólafsdalshátíðum, lífrænni ræktun grænmetis o.fl. Má búast við verulegri fjölgun gesta árið 2021 í ljósi aukinnar fjölmiðlaumfjöllunar um staðinn. Árið 2021 verður auk þess haldið upp á að þá verða liðin 140 ár (+1) frá stofnun Ólafsdalsskólans en þeirri hátíð varð að fresta sumarið 2020 vegna Covid. Verður ýmislegt gert til að minnast þess og því meira umleikis en oftast áður.

Áætlun um helstu verkefni Ólafsdalsfélagsins árið 2021 og kostnað við þau:

- | | |
|---|--------------|
| • Sumarrekstur í Ólafsdal 2021 | 2.500.000 kr |
| • Ólafsdalshátíð 2021 (afmælishátíð - seinkaði um 1 ár vegna Covid) | 2.500.000 kr |
| • Lífræn ræktun Ólafsdalsgrænmetis. | 1.000.000 kr |
| • Skráning muna, viðburðir og fræðsla tengd 140 ára afmæli skólans. | 1.000.000 kr |

Ólafsdalsfélagið sækir því um 1.500.000 kr styrk frá Dalabyggð til verkefna á árinu 2021.

F.h. stjórnar. Virðingarfyllt,

Rögnvaldur Guðmundsson, formaður Ólafsdalsfélagsins.

s. 693 2915